

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	23. desember 2022 kl. 12:00-15:30
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	06
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir og Gunnar Einarsson <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Örvar Gunnarsson. <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri, Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri þjónustusviðs og Ólafur Guðbjörn Skúlason, forstöðumaður skurðstofa og gjörgæslu. <u>Fjarverandi</u> :
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá auk umfjöllunar

1. Fundargerð 5. fundar

Samþykkt með athugasemdum sbr. umfjöllun undir önnur mál.

2. Skýrsla forstjóra

Staða mála síðasta mánuðinn rædd. Staðan hefur verið mjög erfið þar sem mikið er um veirusýkingar í samfélaginu og margir sem bíða innlagnar á hverjum tíma á bráðamóttöku. Einnig mikill fjöldi einstaklinga sem liggja inni á spítalanum sem hafa færni- og heilsumat og bíða eftir búsetu á hjúkrunarheimili.

Stjórnin upplýst um þær aðgerðir sem farið hefur verið í af hálfu heilbrigðisyfirvalda, m.a. að ráðist hafi verið í að breyta hvíldarrýmum í biðrymi og þannig hafa fengist rými fyrir einhverja sjúklinga sem bíða eftir boði á hjúkrunarheimili. Þannig hafi skapast viðbótarrými en um 100 hvíldarrými eru á höfuðborgarsvæðinu. Stefna stjórnvalda varðandi uppbyggingu bráðarýma og endurhæfingarrýma fyrir aldraða rædd og vankantar við þá nálgun sem fyrst og fremst varðar stöðuna á Landspítala. Stjórnin upplýst um að yfirvöld stefni að opnun nokkurs fjölda biðryma á næstunni.

Staðan varðandi nýjan Landspítala við Hringbraut rædd. Umfang verkefnisins að verða meira og spítalinn farinn að taka mun virkari þátt með stýrihópnum. Þörf fyrir endurgerða þarfagreiningu fyrir spítalann þar sem vinnan byggir á þarfagreiningu sem unnin var fyrir nokkuð löngu síðan. Áhersla lögð á að stafræn þróun

verði að vera komin á viðeigandi stað þegar kemur að flutningi spítalans en einnig er flutningurinn sjálfur mjög viðamikill og kostnaðarsamt verkefni bæði fyrir Landspítala og NLSH. Gera þarf ráðstafanir til að ráða við verkefnið og eru þær breytingar sem orðið hafa á síðustu misserum taldar jákvæðar hvað það varðar.

Upplýst um ferlið við ráðningu í nýja framkvæmdastjórn. Störf fyrri framkvæmdastjóra og forstöðumanna voru lögð niður frá og með 1. nóvember. Auglýst voru í framhaldinu störf framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra. Tvær umferðir viðtala voru haldnar og nokkur barátta var um sum störf. Fyrri viðtalið var staðlað og hefðbundið viðtal þar sem umsækjendur fengu staðlaðar spurningar en í síðara viðtalinu var óskað eftir því að haldin yrði kynning um framtíðarsýn og fyrstu 100 dagana í starfi.

Ný framkvæmdastjórn rædd og forgangsröðun við verkefni fram undan. Áhersla lögð á samvinnu innan hópsins. Ný framkvæmdastjórn mun funda 30. desember og er stjórnin boðin velkomin eftir fundinn til að hitta hópinn.

Forgangsröðun verkefna rædd, endurskipulagning og frjálrsæði nýrra framkvæmdastjóra til að skipuleggja sín svið áréttað. Forstjóri tekur fram að varðandi hin ýmsu mál, t.d. rafræn kerfi, hafi hann lagt áherslu á að takmarka eða stoppa sértæk verkefni og einblína á verkefni sem þjóna heildinni.

Stjórnarmenn höfðu áhuga á að fá að heyra 100 daga sýn hvers framkvæmdastjóra fyrir sig. Mikilvægi þess að merkjanlegur nýr tónn komi fram í störfum framkvæmdastjóra á fyrstu 100 dögum áréttuð og stjórnin styðji við störf nýrrar framkvæmdastjórnar.

3. Langtímastefna

Rætt um mikilvægi þess að hlutverk spítalans verði skilgreint og sé í takt við þær áætlanir sem eru settar fram á sviði yfirvalda.

Tvö viðfangsefni sem varða kjarnastarfsemina og brýnt er að vinna að eru bráðþjónustan annars vegar og biðlistar hins vegar. Mikilvægt að horfa til lengri tíma og tryggja í sessi aðgang að þjónustunni. Svo er akademíska hlutverk spítalans þriðja viðfangsefnið sem leggja þarf mikla áherslu á og samvinnu við háskólana í því samhengi. Akademísk sýn hefur dregist mjög saman og hefur mjög mikil áhrif á hvernig gengur að laða fólk heim erlendis frá. Mikil áhersla lögð á átak á þessu sviði.

Meginmarkmiðið með breytingu á skipuritinu er að ná til fólksins og stytta fjarlægð milli yfirstjórnar og klínísku þjónustunnar.

Nú byrjar annar áfangi skipulagsbreytinganna sem gengur út á endurskipulagningu allra eininga. Margar einingar undir forystu yfirlækna og deildarstjóra og markmiðið að efla einingarnar með því að færa ábyrgðina. Búa til ný stjórnendateymi.

4. Rekstur og fjármál

Þjónustutengd fjármögnun – Framleiðsluyfirlit

Farið yfir stöðu innleiðingar þjónustutengdrar fjármögnunar, rætt um efni og innihald samningsins, tækifærin sem felast í samningnum og áskoranir, t.d. varðandi skráningu. Áhersla lögð á að setja kraft í skráningu til að innleiðing verði farsæl.

Bráðabirgðauppgjör

Bráðabirgðauppgjör kynnt og rætt.

Rekstraráætlun '23

Rekstraráætlun 2023 kynnt og rædd. Breytingar í meðförum þingsins, áskoranir og tækifæri í áætluninni. Áætlunin miðar við gildandi skipurit en gera þarf breytingar á stofnskrám við skipuritsbreytingar og uppfæra áætlunina til samræmis.

Undirliggjandi rekstrarvandi ræddur. Helstu áskoranir og tækifæri árétuð og rædd.

Bókun – Stjórnin mælir með því við ráðherra að hann samþykki áætlunina.

Upplýst um að kröfur verði gerðar til framkvæmdastjórnar um að þær aðgerðir sem farið verður í verði kostnaðarmetnar til að tryggja hagræðingu.

Þegar við setjum breytingar af stað – hvað erum við að fara að gera – hverju það skilar okkur í fjármunum. Kostnaðarhagræðið – meta það.

5. Stafvæðing og gagnagreining - kynning

Stafvæðing innan Landspítala og innan heilbrigðisþjónustunnar kynnt og rædd. Fjallað um helstu verkefni sem eru í vinnslu innan Landspítala, áskoranir og tækifæri. Mikilvægi þess að augin stafvæðing verði nýtt rétt og á hátt sem er hagfelld sjúklingum og spítalanum, starfsfólki þess og starfsemi. Upplýsingamiðlun mikilvæg í þessu samhengi. Umfang stafrænnar þjónustu spítalans gríðarlegt, yfir 300 hugbúnaðarkerfi og 75 ytri stofnanir. Sum kerfin vinna saman en önnur ekki sem er sífelld áskorun. Stjórnarmenn áhugasamir um öryggisógnir í tengslum við verkefni og með hvaða hætti hægt væri að tryggja frekara öryggi í stafrænum kerfum og lausnum. Stjórnin telur þörf á yfirliti yfir öryggimál og rekstraráhættur.

Skipurit heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar kynnt og rætt og stjórnin upplýst um að nýlega hafi verið lögð aukin áhersla á nýþróun. Rekstrarkostnaður deildarinnar ræddur en það er áætlað að þetta séu um 3% af rekstrarkostnaði spítalans. Mikilvægi þess að áherslur í gagnagreiningu séu skýrar og framsæknar.

Rafræn sjúkraskrárkerfi rædd, þróun í öðrum löndum og möguleikar í þróun hér á landi. Sjónarmið um að Sögukerfið haldi aftur af stafrænni þróun komu fram og að ólíklegt væri að það yrði við lýði eftir 20 ár vegna þess að kerfið sé ekki nægilega notendavænt og rekstrarleg hæfni sé takmörkuð.

6. Skurðstofunýting - kynning

Ítarleg kynning á skurðstofum, fyrirkomulagi skurðstofa, nýtingu og framþróun. Skipulag aðgerða kynnt og rætt, aðgerðatími ræddur og möguleikar hvað aukna skilvirkni varðar. Fjallað um þær aðgerðir sem farið hefur verið í til að tryggja nýtingu og sem mesta opnun skurðstofa, þ.e. ný aðferðafræði við mönnun, aukið sérnám fyrir skurðhjúkrunarfræðinga, fleiri teknir í þjálfun á skurðstofum, auglýsingar eftir starfskröftum hér á landi sem erlendis, launaröðun endurskoðuð, verkefni sett á stofn til auka áhuga á faginu, átaksverkefni, árangursmælikvarðar skilgreindir, aukin kennsla o.fl.

Leiðir ræddar til að opna fleiri skurðstofur.

7. Önnur mál

Fundargerðir – Ákveðið að umfang umfjöllunar í fundargerðum skyldi vera meira og rætt um mikilvægi þess að hafa fundargerðir ítarlegri og bókanir sem fjölluðu um viðbrögð og vilja stjórnar hvað framhald viðkomandi máls varðar.

Næsti fundur áformaður föstudaginn 20. janúar kl. 13.

Fundi slitið 15:35